

Fundargerð Stjórnar FASK

7 fundur.17. Des 2020 kl 08:30

1. Ósk VJP um að skipta út fulltrúa í vinnuhóp vegna málaferla sem einn aðili í hópnum er aðili að við VJP

Erindi barst frá VJP er varðar ósk um skipan á nýjum fulltrúa í vinnuhóp VJP og FASK, þar sem einn af núverandi fulltrúum FASK er aðili máls að stjórnarsýslukæru vegna úthlutunar á leyfum fyrir gesti á svæði innan þjóðgarðsins.

Stjórn FASK, þakkar VJP fyrir erindið og bókaði eftirfarandi:

Stjórn FASK telur að sú vinna sem nú fer fram í vinnuhóp VJP og FASK um framtíðar leyfisveitingar fyrir Íshella sé mikilvæg. Vinnan hafi bæði verið skipulega unnin og faglega að henni staðið. Ef vel tekst til þá eigi sú vinna eftir að skila sér í betra og öruggara starfsumhverfi fyrirtækja innan þjóðgarðsins í framtíðinni. Stjórn FASK vill því tryggja að sú góða vinna haldi áfram og verða við ósk VJP um að skipa nýjan fulltrúa FASK í vinnuhópinn. Stjórn FASK er ekki aðili að málinu og tekur því ekki afstöðu í því.

Samþykkt að Atli Már Björnsson fari út úr vinnuhópnum og í staðin komi inn Þröstur Þór Ágústsson

2. Samstarf við SVH og Ríki Vatnajökuls um innleiðingu vörumerkis fyrir heimafyrirtæki í samræmi við HMSÞJ

Laufey óskaði eftir því að sendur yrði út tölvupóstur og áminning um fund SVH um stefnumótun fyrir SVH og hvernig vinna við vörumerkjaþróun og samfélagslega ábyrgð FASK tengist þeirri vinnu. Formanni falið að senda út tölvupóst og áminningu á Facebook á viðburðarsíðu fyrir Höfn og kynna málið þar.

Fundi slitið: 9:10